



**Álagning fasteignaskatts:**

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnaði) er 0,50% af hús- og lóðarmati

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðamati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,65% af hús- og lóðamati

**Vatnsgjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

**Holræsagjald** á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,25% af hús- og lóðarmati

**Lóðarleiga** fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 6.800 kr. á hektara, að lágmarki 9.100 kr.

**Sorpgjöld:** Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 22.150,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 22.150,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 22.150,-

**Reglur um afslátt fasteignaskatts 2019.**

**1. gr.**

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2018.

**2. gr.**

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulifeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

**3. gr.**

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 56.000,-

**4. gr.**

Tekjumörk á árinu 2017 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.500.000 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur yfir..... kr. 4.700.000 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 4.700.000 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur yfir..... kr. 6.400.000 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

**5. gr.**

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur útreiknaðum afslátti ársins.

**6. gr.**

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélraent á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

**7. gr.**

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

**8. gr.**

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2019.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 25.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 25.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2019. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á [www.island.is](http://www.island.is). Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og er hann sendur þeim sem þess óska. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduósbæjar eða í síma 455 4700.

Eftirfarandi gjalddskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 22. janúar 2019.

Sveitarstjórin á Blönduósbæ 23. janúar 2019  
Valdimar O. Hermannsson

